

# Læsisstefna Hulduheima

Læsisstefna Hulduheima byggir á læsisstefnu Árborgar, Læsi til lífs og leiks. Allt starfsfólk tók þátt í að ígrunda læsisstefnuna en læsisteymi sá um að móta stefnuna.

Í Hulduheimum leggjum við áherslu á að efla mál- og tilfinningaproska allra barna með því að hlusta á og ræða við börnin í öllum aðstæðum, að lesið sé fyrir þau daglega og að efla félagsfærni þeirra með markvissum hætti.

## MÁLPROSKI

- Að tala við börnin.
- Leggja orð á athafnir.
- Vanda málfar.
- Leggja markvisst áherslu á málhljóðin.
- Lesa bækur og syngja.
- Örva málproska í gegnum leik.
- Leika með tungumálið, ríma, semja sögur, bulluorð og söngtexta.

## FJÖLMENNING

- Markvissar málörvunarstundir fyrir tvítyngd börn 1-2x í viku eftir stöðu.
- Sýnileg virðing og viðurkenning á mismunandi tungumáli og menningu.
- Nota ólíkar og áhrifaríkar leiðir til samskipta, s.s. TMT, myndir og hluti.
- Virkt foreldrasamstarf og hvetja foreldra til að tala móðurmálið við börnin sín.

## LESTUR

- Börnin hafa alltaf aðgang að bókum.
- Lesvænt umhverfi.
- Daglegur lestur bóka fyrir öll börn í litlum hópum.
- Sjónrænt skipulag og sjónrænar vísbendingar.
- Stafrófið sýnilegt.

## FÉLAGS- OG SAMFÉLAGSLÆSI

- Markviss félagsfærniþjálfun s.s. Vinátta, Bína, ART og agastefnan.
- Kenna börnum að setja og virða mörk.
- Börn fá tækifæri til að tjá sig og við hlustum.
- Fylgjast með samskiptum, t.d. með leikskráningum.
- Vera nálæg og til staðar í leik.

## RITUN

- Litir og blöð alltaf í boði, líka í frjálsum leik.
- Þeir sem vilja hafi tækifæri til þess að gera ritunaræfingar (spora, skrifa nafnið sitt o.s.frv.).

## HEILSULÆSI

- Markviss kennsla í tilfinningalæsi, t.d. tilfinningaskrímsli, Vinátta, ART.
- Kenna börnum að hlusta á líkamann, t.d. södd/svöng, heitt/kalt o.s.frv.
- Hreyfing úti og/eða inni daglega.
- Dagleg útivera.
- Dagleg hvíld/slökun.
- Hvetja til að smakka fjölbreyttan mat.
- Alltaf aðgengi að drykkjarvatni.

# Læsisstefna Hulduheima

Læsisstefna Hulduheima byggir á læsisstefnu Árborgar, Læsi til lífs og leiks. Allt starfsfólk tók þátt í að ígrunda læsisstefnuna en læsisteymi sá um að móta stefnuna.

Í Hulduheimum leggjum við áherslu á að efla mál- og tilfinningaproska allra barna með því að hlusta á og ræða við börnin í öllum aðstæðum, að lesið sé fyrir þau daglega og að efla félagsfærni þeirra með markvissum hætti.

## UMHVERFISLÆSI OG SJÁLFBÆRNI

- Kynnast nærumhverfinu (vettvangsferðir, gönguferðir, skógarferðir).
- Könnun í náttúrunni, læra að bera virðingu fyrir henni og njóta.
- Endurvinnsla og endurnýting.
- Opinn efniviður í bland sbr. Leikefnisstefnu Hulduheima.
- Leiðbeining og umræða um matarsóun.

## UPPLÝSINGA OG MIÐLALÆSI

- Hvetja börnin til að spyrja spurninga og vera tilbúin til að ræða við þau um ýmis möguleg svör til að efla gagnrýna og sjálfstæða hugsun.
- Gefa börnum tækifæri til að leita upplýsinga og að þau viti hvernig það er gert (t.d. í bókum og á netinu).

## VÍSINDA OG TALNALÆSI

- Könnunaraðferðin.
- Tölustafir sýnilegir í umhverfinu.
- Gefa tækifæri til að gera tilraunir og finna lausnir í leik og starfi.
- Skapa á vísindalegan hátt.
- Gefa tækifæri til að auka skilning á tölum, mælingum og mynstrum.
- Einingarkubbar og annað leikefni sem örvar börn til rannsókna og kannana.

## LISTA- OG MENNINGARLÆSI

- Gefa tækifæri til margvíslegrar sjálfstæðrar sköpunar svo að börn öðlist trú á eigin sköpunarkraft.
- Taka þátt í viðburðum og skapandi verkefnum í nærsamfélaginu.
- Kynnast fjölbreyttri listamenningu og hvetja til samstarfs við listafólk í nærsamfélaginu.

